

Dvalarheimili aldraðra sf.

kt. 570577-0349,
Vallholtsvegi 15 - 21, 640 Húsavík.

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra og áritun á ársreikninginn	2 - 4
Áritun óháðs endurskoðanda	5 - 6
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8 - 9
Sjóðstreymi	10
Reikningsskilaaðferðir	11 - 13
Skýringar og sundurliðanir	14 - 21

Skýrsla stjórnar og áritun

Meginstarfsemi félagsins

Félagið er sameignarfélag sem stofnað var til þess að koma upp og starfrækja dvalarheimili aldraðra á Húsavík og víðar á svæði sveitarfélaganna er aðild eiga að því. Félagið starfar á grundvelli laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra með síðari breytingum og skv. samþykktum sameignarfélagsins Dvalarheimili aldraðra sf. frá árinu 2009. Félagið rekur dvalar- og hjúkrunarheimili á Húsavík, dagvistun á Kópaskeri og dagvistun og leiguíbúðir á Raufarhöfn. Einnig rekur félagið þjónustu við eigendur sjálfseignaríbúða fyrir aldraða á Húsavík. Kostnaði við fjárfestingu svo og hugsanlega tapi af rekstri skal skipt milli eignaraðila í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi fyrir sig miðað við 1. desember næstliðins árs, sbr. 3. gr. samþykka félagsins.

Starfsemi félagsins skiptist því í tvennt; byggingadeild og rekstur þjónustu- hjúkrunar- og vistdeilda.

Starfsemin á árinu

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Rekstrartekjur félagsins námu 526,7 mkr. samanborið við 480,5 mkr. árið 2017. Tekjur hækka því um 9,6% milli ára. Rekstrargjöld, án afskrifta, námu 517,9 mkr. samanborið við 468,1 mkr. árið 2017. Halli félagsins á árinu nam 19,4 mkr. samanborið við 25 mkr. halla árið áður. Laun og launatengd gjöld námu 299 mkr. samanborið við 252,1 mkr. árið 2017.

Legudagar í dvalarrýmum voru 3.261 á árinu en 4.619 á árinu 2017. Legudagar í hjúkrunarrýmum voru 11.353 en 9.979 á árinu 2017 og í hvíldarinnlögnum 888 samanborið við 730 á árinu 2017. Legudagar voru því samtals 15.502 en 15.400 á árinu 2017. Vistrými í árslok 2018 eru 9 og nýting þeirra á árinu var 99,21%. Hjúkrunarrými eru í árslok 31 og nýtingin hjúkrunarrýma var 100% á árinu. Meðalaldur vistmanna er 87,7 ár. Á árinu 2018 störfuðu u.þ.b. 49 starfsmenn hjá félaginu í 33 stöðugildum.

Á árinu var fjárfest í fastafjármunum fyrir 0,4 mkr. Tvenn viðskipti voru með búseturétt á árinu.

Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að rekstur félagsins verði með svipuðu sniði á árinu 2019 og á árinu 2018.

Sveitarfélögin sem standa að rekstri félagsins hafa undirritað samning við Heilbrigðisráðuneytið um byggingu 60 rýma hjúkrunarheimilis á Húsavík sem áætlað er að verði tekið í notkun á vormánuðum ársins 2021. Nýja hjúkrunarheimilið mun leysa af hólmi núverandi húsnæði félagsins en húsnæðið er orðið gamalt og uppfyllir ekki nútímakröfur hvað varðar skipulag og aðbúnað íbúa. Heimilið verður reist á lóð við Skálabrekku 21.

Jöfnun halla

Stjórn félagsins vísar til skýringar nr. 6 í ársreikningi varðandi jöfnun á halla ársins.

Fjárhagsleg staða

Stjórnendur félagsins hafa á liðnum árum unnið að lausn á viðvarandi taprekstri félagsins. Á árunum 2010 til 2018 nam tap félagsins um 343,4 millj. króna. Eigið fé félagsins hefur þurrkast út. Rekstrarvandi dvalar- og hjúkrunarheimila um land allt er af sama toga; daggjaldagreiðslur frá ríkinu hafa ekki fylgt verðlagi og þjónustustigi. Í skýringu nr. 18 í ársreikningnum er fjallað um rekstrarhæfi félagsins.

Eignaraðild

Eignaraðilar að félaginu eru 4 sveitarfélög í Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu, nánar tiltekið frá Þingeyjarsveit að vestan austur að og með Raufarhöfn í Norðurþingi.

Stjórn Dvalarheimilis aldraðra sf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með áritun sinni.

Húsavík, 13. maí 2019



Kristján Þór Magnússon
Stjórnarformaður



Aðalsteinn J. Halldórsson
Meðstjórnandi



Arnór Benónýsson
Meðstjórnandi

Guðbjartur Ellert Jónsson
Meðstjórnandi



Heiðbjört Ólafsdóttir
Meðstjórnandi



Sigurður G. Böðvarsson
Meðstjórnandi



Jón Helgi Björnsson
Framkvæmdastjóri

Skýrsla framkvæmdastjóra

Starfsemi Dvalarheimilis aldraðra í Þingeyjarsýslum (DA) var árið 2018 með líku sniði og árið áður. Rekstrarstaða stofnunarinnar var með betra móti. Ástæða þess er nýr rammisamningur um rekstur hjúkrunarheimila, fjölgun hjúkrunarrýma á kostnað dvalarrýma og aðhald í rekstri heimilisins.

Á undanförunum árum hefur dvalarrýmum verið fækkað og breytt í hjúkrunarrými hjá Hvammi. Hefur það bætt rekstur heimilisins með því að nú fást viðeigandi greiðslur fyrir þá sem liggja inni á heimilinu. Eftirspurn eftir dvalarrýmum hefur á sama tíma minnkað vegna betri heimahjúkrunar og heimaþjónustu.

Áfram er samstarf milli Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og DA. Með þessu samstarfi hefur faglegt samstarf aukist og fjármunir sem settir hafa verið í heilbrigðisþjónustu á svæðinu verið betur nýttir. Það fylgir því þó talsverður flækjukostnaður að reka tvær einingar aðskildar þótt þær séu í svipuðum rekstri og klárlega væri betra ef öll heilbrigðisþjónusta á svæðinu væri á einni hendi. Mikilvægt er að þessi staða verði skoðuð sérstaklega þegar kemur að byggingu nýrrar hjúkrunareiningar á Húsavík.

Faglegt starf á sviði hjúkrunar hefur verið eftir mikið með samningi við HSN og hefur það ótvíræða kosti að öll hjúkrunarstjórn sé á sömu hendi. Samstarf um innkaup og starfsemi eldhús hefur einnig skilað miklu.

Nýting hjúkrunar- og dvalarrýma í Hvammi var góð á árinu og gæðavísar bera vott um góða umönnun.

Starfsemi Stórumarkar hefur verið með líku sniði og undanfarin ár. Hins vegar hefur þeim sem sækja þjónustu þangað farið fækkandi og veldur það því að draga þarf úr starfsemi starfstöðvarinnar til að lækka kostnað. Rekstur Víkur hefur verið með hefðbundnu sniði og hafa allar þrjár íbúðir einingarinnar verið í leigu.

Þá eru allar búseturéttaríbúðir DA í notkun og verulegur biðlisti eftir íbúðum.

Húsnæði DA þarfnast í dag verulegs viðhalds og er unnið skipulega eftir úttekt á viðhaldsþörfinni sem unnin var af Faglausn ehf. Klárað var að mála Hvamm og Miðhvamm að utan á árinu. Er þá búið að skipta um gler og mála húsnæðið að utan. Með því hefur ytra byrði húsnæðisins verið komið í viðunandi horf. Stefnt er á að halda áfram að vinna að viðhaldi húsnæðisins samkvæmt úttekt Faglausnar ehf.

Tekin hefur verið ákvörðun um að byggja 60 rýma hjúkrunarheimili á Húsavík. Kemur nýja heimilið til með að leysa af hólmi öll hjúkrunarrými á Hvammi og HSN. Stefnt er að því að heimilið verði staðsett fyrir ofan Hvamm og sjúkrahús HSN. Mikil eðlisbreyting verður á starfsemi DA þegar nýtt hjúkrunarheimili tekur til starfa. Stefnt er að því að Hvammi verði í framhaldinu breytt þannig að húsið innihaldi búseturéttaríbúðir og þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara á svæðinu.

DA hefur verið heppin með starfsfólk í gegnum tíðina og eru þeim færðar þakkir fyrir góð störf á liðnu ári.

Húsavík, 13. maí 2019



Jón Helgi Björnsson,
framkvæmdastjóri DA.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Dvalarheimilis aldraðra sf

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Dvalarheimilis aldraðra sf fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábending

Án þess að gera um það fyrirvara vekjum við athygli á skýringu nr. 18 í ársreikningnum þar sem fjallað er um rekstrarhæfi félagsins.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Áritun óháðs endurskoðanda, framhald

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Húsavík, 13. maí 2019

PricewaterhouseCoopers ehf



Rúnar Bjarnason,
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur			
Þjónustu- og vistdeild:			
	3		
Daggjöld á vistdeild		49.950.683	67.928.136
Daggjöld á hjúkrunardeild		359.691.475	312.054.672
Dagvistargjöld		35.937.823	35.624.920
Þjónustugjöld		9.734.340	9.155.890
Húsaleigutekjur		9.148.570	10.276.988
Greiðslur vegna launabótar 2017 og 2018		9.903.466	0
Húsnæðisgjald		36.468.352	35.956.570
Aðrar tekjur		15.354.379	6.343.106
Byggingadeild:			
Tekjur byggingaeldar		558.513	3.209.298
		<u>526.747.601</u>	<u>480.549.580</u>
Rekstrargjöld			
Þjónustu- og vistdeild:			
Laun og launatengd gjöld	4	298.983.389	252.078.677
Breyting á lífeyrisskuldbindingum	4,16	0	7.024.829
Matar- og kaffikostnaður	4	46.823.343	43.763.586
Annar rekstrarkostnaður	4	161.742.665	163.833.835
Byggingadeild:			
Ýmis rekstrarkostnaður		10.312.787	8.403.505
		<u>517.862.184</u>	<u>475.104.432</u>
Rekstrarafgangur fyrir afskriftir og fjármagnsliði			
		8.885.417	5.445.149
Afskriftir	5	16.055.595	17.910.734
Rekstrarhalli fyrir fjármagnsliði			
		(7.170.178)	(12.465.585)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		1.189.531	880.344
Vaxtagjöld og verðbætur		(13.462.901)	(13.439.904)
		<u>(12.273.370)</u>	<u>(12.559.560)</u>
Halli ársins			
		<u>(19.443.548)</u>	<u>(25.025.145)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5		
Fasteignir og lóðir		382.694.568	397.703.260
Bifreiðar		483.015	483.015
Áhöld og búnaður		7.434.029	8.094.655
		<u>390.611.612</u>	<u>406.280.930</u>
Aðrar eignir:			
Skuldabréf á búseturéttarhafa	9	11.220.660	12.208.896
Eignarhlutir í öðrum félögum	8	1.268.000	1.268.000
Listaverk		0	386.275
		<u>12.488.660</u>	<u>13.863.171</u>
Fastafjármunir samtals		403.100.272	420.144.101
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		1.400.048	958.830
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar	9	1.674.473	1.585.156
Viðskiptakrafa vegna sölu á búseturétti		0	26.698.398
Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	11	1.787.373	6.800.581
Viðskiptakröfur	12	6.509.387	5.699.616
Kröfur á tengda aðila	19	1.744.878	2.304.200
Handbært fé	13	92.616.848	31.278.112
		<u>105.733.007</u>	<u>75.324.893</u>
Eignir samtals		<u>508.833.279</u>	<u>495.468.994</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Eigið fé	6		
Gjafir		29.102.636	29.102.636
Framlög eignaraðila		638.618.411	608.758.410
Ójafnað tap		(685.736.367)	(662.910.002)
		<u>(18.015.320)</u>	<u>(25.048.956)</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Skuldir við búseturéttarhafa	10	287.873.700	276.094.653
Verðtryggðar skuldir	7	137.741.894	144.906.705
		<u>425.615.594</u>	<u>421.001.358</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuld vegna innlausnar á búseturétti	10	1.921.775	7.837.922
Viðskiptaskuldir	14	25.846.103	21.088.444
Aðrar skammtímaskuldir	15	24.375.888	23.474.495
Fyrirframgreiddar tekjur		33.343.267	33.183.107
Skuld við tengda aðila	19	686.761	645.438
Næsta árs afborganir langtímaskulda	7	15.059.211	13.287.187
		<u>101.233.005</u>	<u>99.516.592</u>
Skuldir samtals		526.848.599	520.517.950
Eigið fé og skuldir samtals		<u>508.833.279</u>	<u>495.468.994</u>

Aðrar upplýsingar

17-20

Sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar):			
Halli ársins		(19.443.548)	(25.025.146)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	16.055.595	17.910.734
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	16	0	7.024.829
Verðbætur skuldabréfaeignar og langtímaskulda		4.529.402	2.024.522
		<u>1.141.449</u>	<u>1.934.939</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		4.762.759	9.403.129
Birgðir		(441.218)	357.340
Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga		0	(7.024.829)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>5.860.545</u>	<u>6.075.534</u>
		<u>10.182.085</u>	<u>8.811.174</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>11.323.534</u>	<u>10.746.113</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Innleystur íbúðarréttur		(6.035.208)	(34.574.460)
Eignfærðar endurbætur á fasteignum	5	0	(3.623.251)
Seldur búseturéttur		14.431.429	37.066.462
		<u>8.396.221</u>	<u>(1.131.249)</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Innborganir frá eignaraðilum	6	29.860.000	27.490.000
Afborganir skuldabréfaeignar		1.323.354	1.230.641
Afborganir langtímalána		(10.346.624)	(10.863.778)
Breyting vegna kaupa/sölu á íbúðarrétti		<u>20.782.251</u>	<u>(7.204.554)</u>
		<u>41.618.981</u>	<u>10.652.309</u>
Hækkun á handbæru fé á árinu		61.338.736	20.267.173
Handbært fé í byrjun tímabils		31.278.112	11.010.939
Handbært fé í árslok		<u>92.616.848</u>	<u>31.278.112</u>
Greiddir vextir		(8.033.575)	(11.148.199)

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Félagið rekur þjónustu-, hjúkrunar og vistdeild fyrir aldraða á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn, svo og leiguíbúðir fyrir aldraða á Raufarhöfn. Einnig rekur félagið þjónustu við eigendur sjálfseignaríbúða, í Litlahvammí, Miðhvammí og Brekkuhvammí, fyrir aldraða einstaklinga og hjón á Húsavík.

Heimilisfesti félagsins er að Vallholtsvegi 15 - 21, 640 Húsavík.

Félagið er hluti af samstæðu sveitarfélagsins Norðurbings, Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

2.2 Innlausn tekna

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækis gagnjalds eða kröfu, og endurspeglar móttækna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar á því tímabili þegar þjónustan er veitt .

2.3 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði fært í rekstrarreikning og á veltufjáreignum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

Skýringar

2.4 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftahlutföll eignaflokka eru eftirfarandi:

Fasteignir	2%
Lóðarframkvæmdir	4%
Bifreiðar	20%
Tæki og búnaður	10 - 25%

Afskriftir eigna reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

2.5 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra.

2.6 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

2.7 Áhættufé í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á upphaflegu kaupverði.

2.8 Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbinding félagsins vegna starfsmanna Hvamms hefur verið reiknuð miðað við tryggingafræðilegarforsendur og 2% vexti umfram hækkunar á kauplagi. Breyting lífeyrisskuldbindingarinnar á árinu, þ.e. greiðslur vegna hennar hefur verið færð til gjalda í rekstrarreikningi. Þann 26. október 2017 var undirritaður samningur milli ríkissjóðs og Norðurlands um uppgjör lífeyrisskuldbindinga félagsins, sjá nánar skýringu 16.

2.9 Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

2.10 Áfallið orlof

Áunnið áfallið orlof fastra starfsmanna á tímabilinu 1. maí til 31. desember er áætlað og gjaldfært í rekstrarreikningi og á móti til skuldar í efnahagsreikningi.

Skýringar

2.11 Íbúðarréttur/búsetusamningar

Um er að ræða greiðslur íbúðarréttarhafa um búseturétt í vernduðum þjónustuíbúðum við Hvamm - heimili aldraðra. Búseturéttur er ótímabundinn og óuppsegjanlegur ef búseturéttthafi hefur innt af hendi greiðslur skv. fjármögnunaryfirlýsingu og samningi um búseturétt. Búseturéttthafi getur sagt upp samningnum með 3ja mánaða fyrirvara. Endurgreiðsla á þeim fjárframlögum sem hann hefur reitt af hendi til tryggingar búseturéttar er endurgreiddur á 18 mánaða tímabili frá því að uppsögn samnings tekur gildi. Skuldir við búseturéttarhafa vegna búsetu í einstökum búseturéttaríbúðum eru færðar upp miðað við stöðu þeirra í árslok 2018.

2.12 Framlög eignaraðila

Kostnaði við fjárfestingu svo og hugsanlegu tapi af rekstri, skal skipt milli eignaraðila í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi fyrir sig miðað við 1. desember næst liðins árs. Framlag sveitarfélaga skal reiknað út þannig að sveitarfélag, þar sem þjónustan er staðsett, greiðir óskipt 25% af útgjöldum vegna viðkomandi rekstrareiningar, en 75% útgjaldanna skipast milli allra aðildarsveitarfélaganna í ofangreindu hlutfalli.

2.13 Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.14 Tekjuskattur

Félagið er undanþegið tekjuskatti skv. 4. gr. laga nr. 90/2003.

2.15 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

2.16 Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda.

2.17 Skuldbindingar

Félagið færir skuldbindingu þegar félagið hefur lagalega eða samningslega skyldu til að greiða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt sé að mæla þær með ábyggilegum hætti.

Skýringar

3. Rekstrartekjur

	2018	2017
Daggjöld		
Vistunarframlag, Húsavík	49.950.683	67.928.136
	<u>49.950.683</u>	<u>67.928.136</u>
Daggjöld á hjúkrunardeild.....	359.691.475	312.054.672
	<u>359.691.475</u>	<u>312.054.672</u>
Dagvistargjöld		
Dagvistargjöld, Húsavík.....	22.430.570	19.106.002
Dagvistargjöld Mörk, Kópaskeri.....	8.799.638	10.732.350
Dagvistargjöld Vík, Raufarhöfn.....	4.707.615	5.786.568
	<u>35.937.823</u>	<u>35.624.920</u>
Þjónustugjöld		
Þjónustugjöld Brekku- og Litlihvammur	4.092.852	3.567.124
Þjónustugjöld, Miðhvammi	5.641.488	5.588.766
	<u>9.734.340</u>	<u>9.155.890</u>
Húsaleigutekjur		
Húsaleigutekjur, salur og fótaaðgerðir	1.927.924	1.861.924
Leiga endurhæfing	3.412.766	4.489.184
Leigutekjur frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands	2.619.000	2.619.000
Húsaleigutekjur, Vík og Mörk	1.188.880	1.306.880
	<u>9.148.570</u>	<u>10.276.988</u>
Launabætur		
Greiðslur vegna launabóta	9.903.466	0
	<u>9.903.466</u>	<u>0</u>
Húsnæðisgjöld		
Húsnæðisgjöld Hvamms	36.468.352	35.956.570
	<u>36.468.352</u>	<u>35.956.570</u>
Aðrar tekjur		
Akstur, umönnun o.fl.	10.463.651	2.037.656
Innheimt hárgreiðsla	1.749.235	1.926.050
Selt fæði til annarra	1.029.000	920.200
Seld þjónusta til Leigufélags Hvamms ehf	1.337.600	1.459.200
Endurgreidd þjónustugjöld/seðilgjöld o.fl.	774.893	0
	<u>15.354.379</u>	<u>6.343.106</u>
Byggingadeild:		
Tekjur byggingadeildar	558.513	3.209.298
	<u>558.513</u>	<u>3.209.298</u>
Rekstrartekjur samtals	<u>526.747.601</u>	<u>480.549.580</u>

Skýringar

4. Rekstrargjöld

Rekstrargjöld greinast þannig:

Laun og launatengd gjöld

Laun, Húsavík	229.771.428	193.845.589
Launatengd gjöld, Húsavík	51.857.091	44.663.155
Laun, Kópaskeri	11.752.742	8.554.585
Launatengd gjöld, Kópaskeri	2.610.786	1.911.830
Laun, Raufarhöfn	2.464.138	2.533.408
Launatengd gjöld, Raufarhöfn	527.204	570.110
	<u>298.983.389</u>	<u>252.078.677</u>
Beyting á lífeyrisskuldbindingum	0	7.024.829
	<u>298.983.389</u>	<u>259.103.506</u>

Matar- og kaffikostnaður

Matarkostnaður, Húsavík.....	42.547.896	39.603.514
Matarkostnaður, Kópaskeri.....	1.971.544	2.432.371
Matarkostnaður, Raufarhöfn.....	2.303.903	1.727.701
	<u>46.823.343</u>	<u>43.763.586</u>

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður, Húsavík

Rekstur fasteigna.....	37.887.610	46.694.118
Lyf, lækniþjónusta og umönnun.....	74.932.530	70.702.388
Kostnaður tengdur vistmönnum.....	3.357.422	3.342.754
Skrifstofu- stjórnunar- og starfsmannakostnaður.....	17.250.422	16.401.534
Þvottur og hreinlætisvörur.....	7.511.304	8.143.551
	<u>140.939.288</u>	<u>145.284.345</u>

Annar rekstrarkostnaður, Kópaskeri

Rekstur fasteignar.....	2.423.987	2.650.550
Lyf og lækniþjónusta.....	228.748	297.749
Kostnaður tengdur vistmönnum, akstur ofl.....	2.199.443	2.177.772
Annar rekstrarkostnaður.....	113.754	127.559
	<u>4.965.932</u>	<u>5.253.630</u>

Annar kostnaður, Raufarhöfn

Rekstur fasteignar.....	6.407.165	1.304.186
Annar rekstrarkostnaður.....	120.705	114.014
	<u>6.527.870</u>	<u>1.418.200</u>

Annar kostnaður, Brekku- og Litli Hvammur

Rekstur fasteigna	1.705.356	5.468.164
Annar rekstrarkostnaður	75.944	140.913
	<u>1.781.300</u>	<u>5.609.077</u>

Annar kostnaður, Miðhvammur

Rekstur fasteigna	9.442.920	8.195.686
Annar rekstrarkostnaður	85.355	72.897
	<u>9.528.275</u>	<u>8.268.583</u>

- hluti í sameiginlegum kostnaði flutt á byggingardeild..... (2.000.000) (2.000.000)

Annar rekstrarkostnaður samtals

161.742.665 163.833.835

Skýringar

5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Vist- og hjúkrunardeild			Bygginga- deild
	Áhöld og búnaður	Lóð	Bifreið	Fasteignir
Árslok 2017:				
Bókfært verð 1/1 2017	5.469.364	1.965.999	483.015	412.650.035
Viðbót á árinu	3.623.251	0	0	0
Afskrifað á árinu	(997.961)	(92.794)	0	(16.819.980)
Bókfært verð 31/12 2017	8.094.655	1.873.205	483.015	395.830.055
Framreiknað kostnaðarverð í lok árs	41.288.508	2.629.915	4.830.149	815.851.390
Uppsafnaðar afskriftir í lok árs	(33.193.853)	(756.710)	(4.347.134)	(420.021.335)
Bókfært verð í árslok 2017	8.094.655	1.873.205	483.015	395.830.055
Árslok 2018:				
Bókfært verð 1/1 2018	8.094.655	1.873.205	483.015	395.830.055
Viðbót á árinu	386.277	0	0	0
Afskrifað á árinu	(1.046.900)	(83.514)	0	(14.925.181)
Bókfært verð 31/12 2018	7.434.032	1.789.691	483.015	380.904.874
Framreiknað kostnaðarverð í lok árs	41.674.785	2.629.915	4.830.149	815.851.390
Uppsafnaðar afskriftir í lok árs	(34.240.754)	(840.224)	(4.347.134)	(434.946.516)
Bókfært verð í árslok 2018	7.434.031	1.789.691	483.015	380.904.874

Bókfært verð og opinbert mat á fasteignum félagsins er þannig í árslok:

	Fasteignamat, hús	Fasteignamat, lóðir	Brunabótamat	Bókfært verð
Skálabrekka 19, Húsavík.....	75.310.000	7.690.000	104.600.000	16.624.338
Aðalbraut 38, Raufarhöfn.....	12.873.000	777.000	109.700.000	20.820.193
Litli Hvammur 1-7, Húsavík.....	171.860.000	21.490.000	213.450.000	22.939.766
Litli Hvammur 8a til 9b, Húsavík.....	77.560.000	9.440.000	99.600.000	24.299.775
Akurgerði 2, "Mörk", Kópaskeri.....	28.800.000	1.540.000	158.950.000	84.703.159
Dvalarheimilisbyggingin- Miðhvammur.....	371.400.000	44.950.000	1.570.550.000	211.517.645
	737.803.000	85.887.000	2.256.850.000	380.904.874

Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir en fasteignir eru váttryggðir fyrir kr. 49,7 milljónir króna.

Skýringar

6. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Gjafir	Framlög eignaraðila	Ójafnað tap	Samtals
Hreyfingar 2017:				
Staða 1/1 2017	29.102.636	581.268.410	(686.442.631)	(76.071.585)
Framlög eignaraðila v bygginga		27.490.000		27.490.000
Yfirtaka ríkisins á lífeyrisskuldbindingu			55.236.503	55.236.503
Endurmat búseturéttar á árinu			2.825.741	2.825.741
Endurmat búseturéttar við sölu			(9.504.469)	(9.504.469)
Halli ársins			(25.025.146)	(25.025.146)
Staða 31/12 2017	29.102.636	608.758.410	(662.910.002)	(25.048.956)

	Gjafir	Framlög eignaraðila	Ójafnað tap	Samtals
Hreyfingar 2018:				
Staða 1/1 2018	29.102.636	608.758.410	(662.910.002)	(25.048.956)
Framlög eignaraðila v bygginga		29.860.000		29.860.000
Endurmat búseturéttar á árinu			(3.285.918)	(3.285.918)
Endurmat búseturéttar við sölu			(96.898)	(96.898)
Halli ársins			(19.443.548)	(19.443.548)
Staða 31/12 2018	29.102.636	638.618.410	(685.736.366)	(18.015.320)

Framlög eignaraðila greinast þannig:	Innborgað til 1/1 2018	Innborgað á árinu	Innborgað til 31/12 2018	í %
Tjörneshreppur	6.069.436	298.179	6.367.615	1,00%
Skútustaðahreppur	40.359.720	2.533.319	42.893.039	6,72%
Þingeyjarsveit	87.351.661	4.943.282	92.294.943	14,45%
Erfðafsj. og Framkvsj	47.028.650	0	47.028.650	7,36%
Norðurþing	427.948.943	22.085.220	450.034.163	70,47%
	608.758.410	29.860.000	638.618.410	100,00%

Þann 26. október 2017 var undirritaður samningur milli ríkissjóðs og Norðurþings um uppgjör lífeyrisskuldbindinga félagsins, sjá nánar í skýringu 16.

7. Langtímaskuldir

	Lánskjör	Ár eftir	Eftirstöðvar
Verðtryggðar skuldir	4,5% - 5,9%	1 - 40 ár	152.801.105
			152.801.105

Afborganir af langtímaskuldum í árslok 2018 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2019	15.059.211
Árið 2020	7.855.390
Árið 2021	7.302.768
Árið 2022	7.302.768
Árið 2023	7.302.768
Síðar	107.978.198
	152.801.105

Skýringar

7. Langtímaskuldir, frh.

Langtímaskuldir samtals kr. 152.801.105 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2019, færð meðal skammtímaskulda	15.059.211
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar meðal langtímaskulda	137.741.894
	<u>152.801.105</u>

8. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast á eftirfarandi hátt:

	Nafnverð 31.12.2018	Bókfært verð 31.12.2018
Önnur félög:		
Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs hf	1.268.000	1.268.000
		<u>1.268.000</u>

9. Skuldabréf á búseturéttarhafa

	Eftirstöðvar 31.12.2018
Langtímakröfur í íslenskum krónum:	
Verðtryggt skuldabréf, vextir 4,9%	12.895.133
	<u>12.895.133</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru vextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör í árslok 2018.

Afborganir af langtímakröfum í árslok 2018 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2019	1.674.473
Árið 2020	1.674.473
Árið 2021	1.674.473
Árið 2022	1.674.473
Árið 2023	1.674.473
Síðar	4.522.768
	<u>12.895.133</u>

Langtímakröfur samtals kr. 12.895.133 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2019, færðar meðal veltufjármuna	1.674.473
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar, meðal langtímakrafna	11.220.660
	<u>12.895.133</u>

Skýringar

10. Bókfært verð búseturéttar

Um er að ræða skuld félagsins við búseturéttarhafa um búseturétt í vernduðum þjónustuíbúðum við Hvamm - heimili aldraðra. Búseturéttur er ótímabundinn og óuppsegjanlegur ef búseturéttthafi hefur innt af hendi greiðslur skv. fjármögnunaryfirlýsingu og samningi um búseturétt. Búseturéttthafi getur sagt upp samningnum með 3ja mánaða fyrirvara. Endurgreiðsla á þeim fjárframlögum sem hann hefur reitt af hendi til tryggingar búseturéttar er endurgreiddur á 18 mánaða tímabili frá því að uppsögn samnings tekur gildi.

Innlausnarverð búseturéttarins er uppfært miðað við stöðu í árslok 2018.

11. Aðrar skammtímakröfur

Sundurliðast þannig:	31.12.2018	31.12.2017
Virðisaukaskattskrafa.....	1.476.499	1.859.765
Fyrirframgreiddur kostnaður; tryggingar o.fl.....	268.832	253.730
Áfallnir vextir skuldabréfaeignar.....	40.342	42.996
Aðrar kröfur.....	1.700	4.644.090
	<u>1.787.373</u>	<u>6.800.581</u>

12. Viðskiptakröfur

Sundurliðast þannig:	31.12.2018	31.12.2017
Gjafasjóður Hvamms.....	460.537	460.537
Vismenn, starfsmenn og aðrir.....	6.848.349	6.038.577
	<u>7.308.886</u>	<u>6.499.114</u>
Niðurfærsla viðskiptakrafna.....	(799.499)	(799.499)
	<u>6.509.387</u>	<u>5.699.616</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

13. Handbært fé

Sundurliðast þannig:	31.12.2018	31.12.2017
Bankainnstæður.....	92.584.728	31.234.642
Sjóður.....	32.120	43.470
	<u>92.616.848</u>	<u>31.278.112</u>

Skýringar

14. Viðskiptaskuldir

Sundurliðast þannig:	31.12.2018	31.12.2017
Viðskiptaskuldir vistdeildar.....	25.538.004	18.628.733
Viðskiptaskuldir byggingadeildar.....	308.099	2.459.711
	<u>25.846.103</u>	<u>21.088.444</u>

15. Aðrar skammtímaskuldir

Sundurliðast þannig:	31.12.2018	31.12.2017
Ógreidd staðgreiðsla og launatengd gjöld.....	10.499.055	11.407.019
Reiknað áfallið orlof.....	12.754.221	11.420.353
Áfallnir vextir langtímaskulda.....	1.122.612	647.123
	<u>24.375.888</u>	<u>23.474.495</u>

16. Lífeyrisskuldbindingar

Greinist þannig:	2018	2017
Staða í upphafi árs.....	0	55.236.503
Greitt á árinu.....	0	(7.024.829)
Hækkun á árinu.....	0	7.024.829
Yfirtaka ríkisins á lífeyrisskuldbindingu skv. samningi.....	0	(55.236.503)
Staða í lok árs.....	0	0

Þann 26. október 2017 var undirritaður samningur milli ríkissjóðs og Norðurlands um uppgjör lífeyrisskuldbindinga í Brú lífeyrissjóði vegna dvalar- og hjúkrunarheimisins Hvamms. Samkvæmt honum greiddi ríkissjóður upp 97% af áföllnum lífeyrisskuldbindingum vegna Hvamms hjá lífeyrissjóðnum eins og þær voru skv. tryggingafræðilegu mati 31. maí 2017. Hvammur greiddi lífeyrissjóðnum 3% hlutdeild sína í áföllnum lífeyrisskuldbindingum til að mæta framtíðarskuldbindingum vegna starfsmanna sinna sem aðild eiga að B-deildum Brúar. Með samþimagreiðslum fullnaðarlífeyrisiðgjalda ber Hvammur ekki frekari ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum í lífeyrissjóðnum Brú.

17. Veðsetningar

Eftirfarandi fasteignir félagsins eru veðsettar fyrir eftirstöðvum langtímaskulda félagsins þannig:

Vallholtsvegur 17, Húsavík.....	8.250.339
Litli Hvammur 1 - 7, Húsavík.....	7.105.950
Litli Hvammur 8a til 9b, Húsavík.....	3.157.688
Akurgerði 2, Kópaskeri.....	95.924.522
	<u>114.438.499</u>

Skýringar

18. Rekstrarhæfi félagsins

Reikningskilin eru samin miðað við áframhaldandi rekstur. Eins og fram kemur í efnahagsreikningi félagsins er bókfært eigið fé félagsins uppuríð og er eiginfjárlutfall neikvætt um 3,5%. Þá er veltufjárlutfall félagsins í árslok 1,04. Viðvarandi taprekstur hefur verið hjá félaginu á liðnum árum og skv. fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2019 verður áfram tap á rekstri þess. Eigendur félagsins hafa lagt félaginu til fé árlega á liðnum árum og þannig tryggt rekstrarhæfi þess, auk þess sem þeir eru í ábyrgðum fyrir félagið vegna félagsformsins. Ekki hefur annað komið fram en að stuðningur eigenda við félagið vari a.m.k. út yfirstandandi rekstrarár.

19. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru eignaraðilar og félög í þeirra eigu, stjórnarmenn og stjórnendur ásamt mökum þeirra og ófjárráða börnum. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	2018	2017
Viðskipti við tengda aðila:		
Fasteignagjöld og lóðaleiga til Norðurþings	10.649.365	10.512.062
Gjöld vegna hitaveitu Orkuveitu Húsavíkur ohf.	6.459.408	5.179.857
Seld þjónusta til eignaraðila og félaga í þeirra eigu	(12.432.720)	(3.455.800)
Kröfur á tengda aðila í árslok greinast þannig:		
Norðurþing	488.101	1.006.416
Skútustaðahreppur.....	104.676	104.676
Tjörneshreppur.....	1.585	1.585
Leigufélag Hvamms ehf.	1.150.516	1.191.523
	<u>1.744.878</u>	<u>2.304.200</u>
Skuld við tengda aðila í árslok greinast þannig:		
Orkuveita Húsavíkur ohf.....	(510.420)	(469.097)
Þingeyjarsveit	(176.341)	(176.341)
	<u>(686.761)</u>	<u>(645.438)</u>

20. Aðrar upplýsingar

	2018	2017
Starfsemissupplýsingar		
Legudagar í vistrými.....	3.261	4.691
Legudagar í hjúkrunarrými.....	11.353	9.979
Legudagar í hvíldarinnlögnum.....	888	730
Legudagar samtals.....	15.502	15.400
Fjöldi vistrýma að meðaltali.....	9	13
Nýting vistrýma.....	99,2%	98,6%
Fjöldi hjúkrunarrýma að meðaltali.....	29	27
Nýting hjúkrunarrýma.....	100%	100%
Fjöldi hvíldarrýma að meðaltali.....	2	2
Meðalaldur vistmanna.....	87,7	87,2
Fjöldi starfsmanna að meðaltali.....	49	53
Stöðugildi.....	33	31